



Tillaga um breytingu á 8. og 9. gr. samþykktá SSNE varðandi tillögur um starfsáætlun næsta árs.

Stjórn SSNE gerir eftirfarandi tillögu að breytingu á samþykktum samtakanna:

4. tl. 2. mgr. 8. gr. verði svohljóðandi: „*Tillaga stjórnar um fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.*“ Með því er lagt til að ekki verði kveðið á um að stjórn leggi fram tillögu um starfsáætlun næsta árs á ársþingi í apríl. Einnig er lagt til að við 1. mgr. 9. gr. bætist svohljóðandi setning: „*Starfsáætlun fyrir næsta ár skal lögð fram á aukapingi í september.*“

Það þýðir það að ekki verður lögð fram starfsáætlun fyrir næsta ár á ársþingi í apríl en þess í stað skuli stjórn leggja fram tillögu um starfsáætlun fyrir næsta ár á aukapingi sem halda skal að hausti fyrir 30. september (að því gefnu að tillaga um breytingu á tímasetningu aukapings að hausti, úr 30. ágúst í 30. september, verði samþykkt).

Skýring:

Ekki er talið raunhæft að leggja fram starfsáætlun fyrir næsta ár svo snemma árs, þ.e. í apríl. Í 3. tl. 2. mgr. 8. gr. samþykktá SSNE er gert ráð fyrir að stjórn leggi fram tillögu um stefnu og framtíðarmarkmið á ársþingi. Gera má ráð fyrir að á ársþingi skapist umræður og að ársþing leggi línur um þau efni. Mikilvægt er að starfsáætlun taki mið af því og þess vegna er markvissara að leggja fram starfsáætlun að hausti sem tekur mið af umræðum og ákvörðunum sem teknar eru á ársþingi. Eftir sem áður verður hægt að leggja fram tillögur um breytingar á starfsáætlun næsta árs á aukapingi í desember.